

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs 31. fundur 28. des. 2005

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs miðvikudaginn 28. desember 2005 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 14.00. Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson og Björn Þorsteinsson sviðsstjóri sem var gestur fundarins. Formaður setti fund sem hann hafði undirbúið ásamt Kristínu Þorgeirsdóttur og bauð Björn velkominn, en síðan var gengið til dagskrár sem var sem hér segir:

1. Ráðning héraðsskjalavarðar.
2. Önnur mál.

1. Ráðning héraðsskjalavarðar.

Formaður setti fund og lögð var fram greinargerð með fyrirsögninni "Stjórn Héraðsskjalasafns vegna ráðningar í starf héraðsskjalavarðar" (sbr. 30. fg., 1.1.) sem hér með er vísað til. Þá gerði Björn Þorsteinsson ítarlega grein fyrir umsækjendum um starfið og hvernig að verki var staðið og við hvað miðað þegar fjallað var um umsóknir og þær metnar.

F. h. þeirra sem málið varðar ræddi þriggja manna nefnd, sem í áttu sæti auk Björns Hilmar Björgvinsson, formaður safnstjórnarinnar, og Þorsteinn Einarsson, starfsmannastjóri Kópavogsbæjar, við alla umsækjendur sem voru 11. Meðal annars með skírskotun til menntunar og reynslu mat nefndin þrjá þeirra efsta að því loknu: Hrafn Sveinbjarnarson, Pétur Kristjánsson og Njörð Sigurðsson - og mælti með hinum fyrstnefnda í starfið.

Stjórnin samþykkti fyrir sitt leyti tillögu nefndarinnar um að ráða í það Hrafn Sveinbjarnarson cand.mag., skjalavörð og deildarstjóra í Þjóðskjalasafni. Gengur málið nú til bæjarráðs sem tekur endanlega ákvörðun um ráðninguna.

2. Önnur mál.

Stefnt er að fundi stjórnarinnar með sviðsstjóra tólmstunda- og menningarsviðs og nýjum héraðsskjalaverði í janúarbyrjun.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 15.00.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi